

4. fundur í Landbúnaðarnefnd Langnesbyggðar haldinn í Þórsveri mánudaginn 12. janúar 2015 og hófst kl 17:00

Mætt eru: Sverrir Möller, Maríus Halldórsson, Ævar Rafn Marinósson, Steinunn Halldórsdóttir og Sigríður Ósk Indriðadóttir.

Sverrir formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallskil 2014

Það sem lá fyrir fundinum var að fara yfir uppgjör fjallskila 2014. Þegar búið er að stemma uppgjörið af lítur út fyrir 90.000 kr halla. Rætt var um að leita til sveitarfélagsins um styrk vegna halla þessa.

2. Önnur mál

Landbúnaðarnefnd leggur til að ráðinn verði utanaðkomandi fjallskilastjóri en landbúnaðarnefnd verði honum ráðgefandi.

Ákveðið var að halda næsta fund Landbúnaðarnefndar 3. febrúar í Þórsveri kl 17:00. Sett var upp dagskrá fyrir næsta fund:

1. Fjallskilastjóri
2. Framkvæmdir ársins 2014 og úttekt á þeim.
3. Ákveða verkefni næsta árs.
4. Refa og minnka eyðing – leita upplýsinga hjá Sigríði skrifstofustjóra Langanesbyggðar um kostnað ársins 2014 og hvaða menn komi að verkinu.

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl 19:00.